



Skeiða- og Gnúpverjahreppur  
Árnesi  
801 Selfoss

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ


Sölvhólgötu 7 150 Reykjavík  
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340  
postur@irr.is irr.is

Reykjavík 3. maí 2013  
Tilv.: IRR13020187/18.10.9

Með bréfi þessu staðfestir innanríkisráðuneytið siðareglur fyrir kjörna fulltrúa í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sem því voru sendar með bréfi dags. 8. febrúar og aftur 15. mars 2013. Hjálagt er siðareglurnar (frumrit það sem ráðuneytið fékk sent með fyrrgreindu bréfi), þar sem staðfestingin kemur fram í stimpli ráðuneytisins, dagsetningu og undirskrift.

Ráðuneytið minni á ákvæði 2. mgr. áður nefndrar greinar sveitarstjórnarlaganna þar sem kveðið er á um opinbera birtingu siðareglanna á vefsíðu sveitarfélagsins eða á annan sambærilegan hátt. Þá telur ráðuneytið rétt að í þeirri birtingu komi fram staðfesting ráðuneytisins.

Fyrir hönd ráðherra



Hermann Sæmundsson



Stefanía Traustadóttir

Fylgiskj.: Staðfestar siðareglur kjörinna fulltrúa í Skeiða- og Gnúpverjahreppi



# Skeiða- og Gnúpverjahreppur

## Siðareglur kjörinna fulltrúa í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

### 1. gr.

#### *Markmið.*

Markmið með reglum þessum er að skilgreina það háttarni og viðmót sem ætlast er til að kjörnir fulltrúar sýni af sér við störf sín fyrir hönd Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Reglur þessar ná til kjörinna sveitarstjórnarfulltrúa og annarra þeirra sem kjörnir eru til setu í nefndum og ráðum sveitarfélagsins.

### 2. gr.

#### *Starfsskyldur kjörinna fulltrúa*

Kjörnir fulltrúar skulu í störfum sínum fylgja lögum, reglum og samþykktum Skeiða- og Gnúpverjahrepps, sem og jafnframt sannfæringu sinni. Ber þeim að starfa fyrst og fremst í þágu íbúanna og ber því að setja almannahagsmuni ofar sérhagsmunum, hvort heldur er sínum eigin, annarra einstaklinga eða einstakra hópa. Þeim ber ávallt að hafa í heiðri ýrtruðu kröfur um ráðvendni, heiðarleika og réttlæti í störfum sínum í þágu sveitarfélagsins.

Kjörnir fulltrúar skulu ávallt hafa í heiðri grundvallarreglur góðrar stjórnýslu í störfum sínum, þ.m.t. gagnsæja og upplýsta ákvarðanatöku, og framkvæma ekkert það sem er til þess fallið að vekja grunsemdir um að annað en lögmæt og málefnaleg sjónarmið ráði för við stjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Kjörnir fulltrúar móta stefnu og eftirlit með rekstri sveitarfélagsins og skulu þeir gæta þess að rekstur sveitarfélagsins og framkvæmd stjórnýslu á hverjum tíma sé eins og best verður á kosið.

Kjörnir fulltrúar mega ekkert aðhafast sem í getur falist misnotkun á almannafé. Þá skulu þeir og upplýsa íbúa sveitarfélagsins um framkvæmd starfa sinna og öll þau atriði sem skipt getamáli í rekstri sveitarfélagsins. Kjörnir fulltrúar skulu ávallt reiðubúnir til að axla ábyrgð á sínum störfum.

### 3. gr.

#### *Valdmörk*

Kjörnir fulltrúar skulu gæta þess að fara ekki út fyrir umboð sitt í störfum sínum og virða verkaskiptingu í stjórnkerfi Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Þeir skulu sýna störfum og réttindum annarra kjörinna fulltrúa og starfsmanna Skeiða- og Gnúpverjahrepps virðingu.

### 4. gr.

#### *Hagsmunaárekstrar*

Kjörnir fulltrúar nýta sér ekki stöðu sína í þágu einkahagsmuna sinna eða annarra sem eru þeim tengdir, hvort sem ávinningur af slíku kemur fram strax eða síðar, þ.m.t. eftir að störfum fyrir Skeiða- og Gnúpverjahrepp lýkur.

Kjörnir fulltrúar skulu forðast hagsmunaárekstra í störfum sínum. Um hæfi þeirra við meðferð einstakra mála fer eftir 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.



# Skeiða- og Gnúpverjahreppur

5. gr.

## *Ábyrgð á fjármálum*

Kjörnum fulltrúum ber að virða fjárhagsáætlun og grundvallarreglur um fjármálastjórnun til að tryggja réttmæta og ábyrgja meðferð á almannafé. Við störf sín skulu kjörnir fulltrúar ekki aðhafast neitt sem getur falið í sér misnotkun á almannafé.

6. gr.

## *Gjafir og fríðindi*

Kjörnum fulltrúum er óheimilt að þiggja greiðslur, gjafir eða önnur hlunnindi frá viðskipta-mönnum ef túlka má það sem endurgjald fyrir greiða.

7. gr.

## *Trúnaður*

Kjörnum fulltrúum ber að virða trúnað um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og gæta ber trúnaðar um. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi. Kjörnum fulltrúum ber jafnframt að virða trúnað um ummæli einstakra fundarmanna á lokuðum fundum í nefndum og ráðum Skeiða- og Gnúpverjahrepps, sem og um innihald skjala eða annarra gagna, sem þeir fá aðgang að vegna starfa sinna og trúnaður skal vera um, enda byggi hann á lögmætum og málefnalegum rökum.

8. gr.

## *Að virða hlutverk starfsmanna*

Kjörnir fulltrúar skulu í störfum sínum virða hlutverk starfsmanna Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Þeir mega ekki hlutast til um að starfsmenn geri neitt það sem hefur þann tilgang að verða kjörnum fulltrúum á beinan eða óbeinan hátt til hagsmunalegs ávinnings, né heldur aðila nátengdum þeim eða ákveðnum hópum eða fyrirtækjum.

9. gr.

## *Stöðuveitingar*

Kjörnum fulltrúum ber að koma í veg fyrir að einstaklingum sé veitt starf eða stöðuhækkun hjá Skeiða- og Gnúpverjahreppi á öðrum forsendum en hæfni til að rækja starfið.


10. gr.

## *Miðlun siðareglna til kjörinna fulltrúa, starfsfólks og almennings*

Kjörnir fulltrúar undirgangast þessar siðareglur með undirskrift sinni og lýsa því þar með yfir að þeir ætli að hafa þær að leiðarljósi. Siðareglurnar skulu vera aðgengilegar starfsfólk sveitarfélagsins, almenningsi og fjölmiðlum á heimasíðu Skeiða- og Gnúpverjahrepps eða á annan þann hátt sem sveitarstjórn ákveður til að þessir aðilar geti gert sér grein fyrir meginreglum þeirra.

Samþykkt af sveitarstjórn á sveitarstjórnarfundum Skeiða- og Gnúpverjahrepps 05. febrúar 2013.



  
Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri.